

10. bekkur

Áætlun í íslensku

Námsgögn veturinn 2021-2022:

Málfræði: *Logar, Stoðkennarinn*. Verkefni frá kennara

Ritun: *Logar, Skerpa*. Verkefni frá kennara. Bókmenntaritgerð og heimildaverkefni. Ritun ræðu.

Stafsetning: *Logar, Stoðkennarinn*. Verkefni frá kennara.

Lestur og lesskilningur: *Neistar, Brennu –Njálssaga*. Ýmsar bækur til yndislestrar.

Framkoma og tjáning: *Neistar*. Flutningur ræðu. Leikræn tjáning í tengslum við ýmis verkefni vetrarins

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefnaskil	Hæfniviðmið	Uppbrot
30. ágúst – 3. sept.	Áætlun annarinnar kynnt og námsbækur afhentar. Lestrardagbók kynnt. Farið á bókasafnið.	Útbúa lestrardagbók, á að vera tilbúin 3. september. Nemendur velja sér bók til yndislestrar sem á að lesa heima og í skóla.	Nemandi geti valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.	
6. – 10. sept.	Brennu - Njálssaga fyrri hluti Bls. 7-30 Hugarflæði, hvað vitum við um Njálu?	Ættartré skapað jafnhliða lestri. Leikrænir tilburðir. Ritun-æfing 1 (5%)	Nemandi geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar. Nemandi geti mótað málsgreinar og efnisgreinar.	6. sept.: Foreldradagur

13. – 17. sept.	Brennu – Njálssaga fyrri hluti Bls. 31-57	Ef nemandi missir úr tíma þarf að lesa heima. Ritun–æfing 2 (5%)	Nemandi geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. Nemandi geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun.	
20. – 24. sept.	Brennu – Njálssaga seinni hluti Bls. 7-30	21. sept.: Próf úr fyrri hluta Njálu. (10%) Ritun–æfing 3 (5%)	Nemandi geti lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	24. sept.: Starfsdagur
27. sept. – 1. okt.	Brennu – Njálssaga seinni hluti Bls. 31-57	Ritun–æfing 4 (5%)	Nemandi geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda.	
4. – 8. okt.	Stuttmyndagerð Handrit	5. okt.: Próf úr seinni hluta Njálu. (10%) Hópavinna: Búa til handrit að stuttmynd og skila til kennara í lok vikunnar.	Nemandi geti nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum.	
11. – 15. okt.	Stuttmyndagerð	Ritun: Persónulýsingar í Njálu skil. 15. okt. (10%)	Nemandi geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málgreinar og efnisgreinar.	

18. – 22. okt.	Stuttmyndir sýndar í bekknum. Skipt í upplestrarhópa	22. okt.: Skila stuttmynd og handriti (20%)	Nemandi geti tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á.	
25. – 29. okt.	Æfingar fyrir upplestur Njálu „Njálssaga“ stuttmynd	Velja sér bók fyrir bókmenntaritgerð	Nemandi geti gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn.	
1. – 5. nóv.	Æfingar fyrir upplestur Njálu	1. nóv.: Skila bókagreiningu (10%)	Nemandi geti gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn.	
8. – 12. nóv.	Æfingar fyrir upplestur Njálu Njálulestur verður í upphafi miðannar þann 16. nóvember. ANNARSKIL	Í lok annar: Virkni, þátttaka og vinnusemi (20%)	Nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.	10. nóv.: Starfsdagur 11. nóv.: Foreldradagur 12. nóv.: Annarleyfi

Kennarar: Anna Kristín Guðjónsdóttir og
Siggerður Ólöf Sigurðardóttir
Haustönn